


STARFSÁÆTLUN FÉLAGSMIÐSTÖÐVARINNAR FÖNIX (SALASKÓLA) 2021-2022



1. Hagnýtar upplýsingar

Félagsmiðstöðin Fönix er staðsett í Salaskóla að Versölum 5 og þjónustar börn og unglinga í 5 – 10. bekk. Fjöldi barna og unglinga sem félagsmiðstöðin þjónustar er 378. Forstöðukona í Fönix er Tinna Heimisdóttir. Síminn í Fönix er 696-1627 og netfang forstöðukonu er tinnaheimis@kopavogur.is

Á mánudögum klukkan 17:00-18:30 fer allajafna fram klúbbastarf fyrir 8.-10.bekk og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00. Á miðvikudögum er opið fyrir 5.-7.bekk frá kl. 17:00-18:30 og svo opnun samkvæmt dagskrá frá 19:30-22:00 fyrir 8.-10.bekk. Einnig er opið annan hvern föstudag frá kl. 19:30-23:00. Mánudaga til fimmtudaga er opið í frímínútum og boðið upp á hádegis- og síðdegisopnanir. Opnanir geta raskast vegna funda og fræðslu starfsfólks.

2. Félagsmiðstöðvadagatal

Menntasvið
Fristundadeild

Félagsmiðstöðvadagatal 2021 - 2022

Nafn:

Öskudrykkir		Sexing		Sjúkæðingur saman													
ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ							
1 S	1 M Vekunin til starfa	1 F Landneti Samfita/Opnun	1 M Starfsmannafélag	1 M Opnun	1 L Nálundagur	1 Þ	1 Þ Sprengdagur	1 F Lokab	1 S Venjastöðugurinn	1 M Undirbúningur -Sunar							
2 M Þráðagur versunaranna	2 F	2 L Landneti Samfita	2 Þ Forstöðumannafundur	2 F	2 S	2 M Starfsmannafélag/Opnun	2 M Opnun/Oskudagur	2 L	2 M Opnun	2 F Undirbúningur -Sunar							
3 Þ	3 F Vekunin til starfa	3 S	3 M Opnun	3 F Rafþróttaneti Samfita og Félak/Lokab	3 M Opnun	3 F	3 F	3 S	3 Þ Forstöðumannafundur	3 F Undirbúningur -Sunar							
4 M	4 L	4 M Forvarnir	4 F	4 L Rafþróttaneti Samfita og Félak	4 Þ	4 F Lokab	4 F Lokab	4 M Opnun	4 M Þráðagur versunaranna	4 L							
5 F	5 S	5 Þ Forstöðumannafundur	5 F Lokab	5 S	5 M Opnun	5 L	5 L	5 Þ Forstöðumannafundur	5 F	5 S Hyltasunndagur							
6 F	6 M Starfsmannafélag/Opnun	6 M Opnun/Forvarnir	6 L	6 M Opnun	6 F Þrettándin	6 S Dagur ískeldisins	6 S	6 M Opnun	6 F Opnun	6 M Annar í Hyltasunni							
7 L	7 Þ Forstöðumannafundur	7 F	7 S	7 Þ	7 F Lokab/Samfita Con	7 M Opnun/Oskudagur	7 M Opnun	7 F	7 L	7 Þ							
8 S	8 M Opnun	8 F Lokab	8 M Opnun	8 M Opnun	8 L	8 Þ Forstöðumannafundur	8 Þ Forstöðumannafundur	8 F Opnun	8 S	8 M Opnun							
9 M	9 F Starfsmannafélag	9 L	9 Þ	9 F	9 S	9 M Opnun/Oskudagur	9 M Opnun	9 L	9 M Opnun	9 F							
10 Þ	10 F Starfsmannafélag/Lokab	10 S	10 M Opnun	10 F Opnun	10 Opnun	10 F	10 F	10 S Þráðagurinn	10 Þ Þráðagurinn	10 F Opnun							
11 M	11 L	11 M Múlavíka	11 F	11 L	11 Þ Forstöðumannafundur	11 F Opnun	11 F Stöðlaft	11 M Opnun	11 M Þráðagurinn	11 L							
12 F	12 S	12 Þ Múlavíka	12 F Þráðagurinn/Opnun	12 S	12 M Opnun	12 L	12 L Stöðlaft	12 Þ	12 F	12 S Þráðagurinn							
13 F	13 M Opnun	13 M Múlavíka	13 L Þráðagurinn	13 M Opnun	13 F	13 S	13 S Stöðlaft	13 M Opnun	13 F Rafþróttaneti Samfita	13 M Opnun							
14 L	14 Þ	14 F Múlavíka	14 S	14 Þ Forstöðumannafundur	14 F Nálundagur	14 M Opnun	14 M Opnun	14 F Stöðlaft	14 L Rafþróttaneti Samfita	14 Þ							
15 S	15 M Þráðagurinn	15 F Múlavíka	15 M Þráðagurinn/Múlavíka	15 M Opnun	15 L	15 Þ	15 Þ	15 F Þráðagurinn lang-Lokab	15 S	15 M Opnun							
16 M	16 F Dagur ískeldisins náttúru	16 L	16 Þ Forstöðumannafundur	16 F	16 S	16 M Opnun	16 M Opnun	16 L	16 M Opnun	16 F							
17 Þ	17 F Opnun/Þráðagurinn/Raf	17 S	17 M Þráðagurinn/Múlavíka	17 F Lokab	17 M Opnun	17 F Vetrarleyfi	17 F	17 S Þráðagurinn	17 Þ	17 F							
18 M	18 L	18 M Opnun	18 F	18 L	18 Þ	18 F Vetrarleyfi	18 F Lokab	18 M Annar í þéttum	18 M Opnun	18 L							
19 F	19 S	19 Þ Forstöðumannafundur	19 F Lokab	19 S	19 M Opnun	19 L	19 L	19 Þ Forstöðumannafundur	19 F	19 S							
20 F	20 M Opnun	20 M Opnun	20 L Dagur ískeldisins barna	20 M Opnun	20 F	20 S	20 S	20 M Opnun	20 F Þráðagurinn	20 M Opnun							
21 L	21 Þ Forstöðumannafundur	21 F	21 S	21 Þ	21 F Lokab-Bíndagur	21 M Opnun	21 M Opnun	21 F Þráðagurinn fyrsti	21 L	21 Þ							
22 S	22 M Opnun	22 F Lokab	22 M Opnun	22 M Opnun	22 L	22 Þ Forstöðumannafundur	22 Þ Forstöðumannafundur	22 F Opnun	22 S	22 M Opnun							
23 M Stöðlaftdagur	23 F	23 L Þráðagurinn	23 Þ	23 F Þráðagurinn/Oskudagur	23 S	23 M Opnun	23 M Opnun	23 L	23 M Opnun	23 F							
24 Þ Stöðlaftdagur forstöðumanna	24 F Lokab	24 S	24 M Opnun	24 F Aftangagurinn	24 M Opnun	24 F	24 F	24 S	24 Þ	24 F							
25 M Opnun	25 L	25 M Vetrarleyfi	25 F	25 L Aftangagurinn	25 Þ Forstöðumannafundur	25 F Opnun	25 F Samfita	25 M Opnun	25 M Opnun	25 L							
26 F	26 S Þráðagurinn lang-Lokab	26 Þ Vetrarleyfi	26 F Opnun	26 S Annar í þéttum	26 M Þráðagurinn Félagsmiðstöðin	26 L	26 L Samfita-Bíndagurinn	26 Þ	26 F Aftangagurinn	26 S							
27 F Lokab	27 M Opnun	27 M Opnun	27 L	27 M Opnun	27 F	27 S	27 S	27 M Opnun	27 F Lokab	27 M Opnun							
28 L	28 Þ	28 F	28 S	28 Þ	28 F Opnun/Oskudagurinn Samfita	28 M Opnun	28 M Opnun	28 F Aftangagurinn Samfita	28 L	28 Þ							
29 S	29 M Opnun	29 F Opnun	29 M Opnun	29 M Opnun	29 L Stöðlaft			29 F Aftangagurinn Samfita-Lokab	29 S	29 M Opnun							
30 M Opnun	30 F	30 L	30 Þ Forstöðumannafundur	30 F	30 S			30 M Opnun	30 L	30 F							
31 Þ		31 S		31 F Þráðagurinn lang-Lokab	31 M Opnun			31 F									

3. Starfið í vetur

Áherslur Fönix fyrir hvert starfsár eru keimlíkar og en við viljum fyrst og fremst bjóða upp á starf þar sem allir geta notið sín og liðið vel. Jákvæð samskipti og almenn vellíðan er í forgrunni. Við viljum líka ná inn unglingum sem hafa ekki verið mikið að mæta og er það unnið í samstarfi við námsráðgjafa áfram sem áður.

Hver dagur er ólíkur þar sem að félagsmiðstöðvastarfið er flæðandi. Við reynum að hafa opið eins oft og hægt er líkt og stendur í lið 1 þar sem opnunartímarnir eru taldir upp. Í raun er ekkert fast dagskipulag annað en dagskráin sem við setjum saman með félagsmiðstöðva valinu í byrjun hvers mánaðar en í valinu sitja um 30 unglingar í 8.-10. bekk. Umsjónarmenn valáfangans eru Tinna og Víkingur. Ásamt því vali sjá Tinna og Víkingur líka um tvo D&D hópa og hóp úr 10.bekk sem heimsækir ungmennahúsið Molann í vali.

Við erum í stöðugum samskiptum við skólann varðandi unglinga og mál sem þarf að taka á ásamt því að stuðla að því að hafa eitthvað í boði fyrir krakkana á skólatíma. Fundir með aðstoðarskólastjóra eru vikulegir og þegar þörf þykir á með kennurum og öðru starfsfólki. Á síðustu þremur skólaárum tókum við þátt í verkefni sem miðaði að því að minnka skjánotkun í frímínútum og gerum það aftur í ár. Forstöðukona Fönix, námsráðgjafi og forstöðukona frístundar eru saman í teymi þetta skólaárið um undirbúning barnaþings 2022.

Klúbbastarf fer fram á mánudögum frá kl. 17:00-18:30. Dæmi um klúbba sem verða starfræktir í vetur eru pottaklúbbur, kósý klúbbur, núðlur og nöldur og fleiri eftir því sem líður á árið og við sjáum hvar áhugi unglinganna liggur. Mikilvægur partur af starfi félagsmiðstöðva er að fræða unglinga um hin ýmsu málefni og við stefnum á að fá inn fræðslur að minnsta kosti 1x-2x á hvorri önn, ef sóttvarnarviðmið leyfa. Fræðslur um orkudrykkjaneyslu, kynfræðsla, hinseginfræðsla og fleiri eru á döfinni í ár.

Helstu viðburðir ársins eru árshátíð, jólaball, gistinætur fyrir 8.bekk og 10.bekk, kökukeppni, söngkeppni, bæjarferð, heimsóknir, afmælisveisla, kareoke, ísrölt og fjallgöngur. Þetta er ekki tæmandi listi en félagsmiðstöðva val kemur svo að því að skipuleggja fleiri viðburði. Jólaballið og árshátíðin er unnin í samvinnu með skólanum. Helstu sameiginlegu viðburðir félagsmiðstöðva í Kópavogi eru íþróttavikan, forvarnarvikan, rafíþróttamót, Getkó, Félkó ball, stuttmyndahátíðin, sköpunardagurinn, nýársballið, söngkeppnin og lokahátíð Félkó. Sameiginlegir viðburðir félagsmiðstöðvanna og Samfés eru meðal annars landsmót, félagsmiðstöðva- og ungmennahúsavikan, rappkeppnin Rímnaflæði, rafíþróttamót, danskeppni, hönnunarkeppnin Stíll, Samfestingurinn og söngkeppnin og leiktækjamót.

4. Hópastarf

Allt okkar starf er opið starf en ef við teljum þörf á að vera með lokað hópastarf til að takast á við ákveðinn vanda eða til að efla ákveðna hæfni þá gerum við það. Slíkt er oftast gert í samstarfi við skólann og forsjáraðila. Við erum í góðum samskiptum við aðila innan skólans sem sér um mál nemenda með annað móðurmál en íslensku sem og nemendur sem eru félagslega einangraðir, sækja sértæka félagsmiðstöð (Hrafninn) eða eru með annars konar vanda. Skólinn vinnur mjög gott starf með þessum

nemendum og fær oft aðstoð og ráðleggingar frá starfsfólki Fönix eða aðstöðu félagsmiðstöðvarinnar að láni.

Dungeons & dragons valáfanginn er miðaður að því að ná inn ákveðnum unglingum sem annars finna enga samleið með dagskrá félagsmiðstöðvarinnar og erum við þar með að vinna beint með kafla 15 og 31. Við vinnum einnig að markmiðum þeirra kafla með því að leita reglulega til unglinganna og fá þeirra þælingar og hugmyndir að því hvernig starfinu okkar er háttað, þá sér í lagi klúbbum, hópastarfi og dagskrá. Við vinnum einnig markvisst í gegnum starfið okkar að köflum númer 2, 12, 13, 15, 29, 31, 33 og 42. Þannig má segja að starfið okkar sé byggt upp á áður nefndum köflum þar sem við leitumst við að halda að þeim forvörnum, vera öruggur staður fyrir þau, hafa þau með í ráðum varðandi flest sem við gerum, hlusta á þau og trúa þeim og veita þeim rými til þess að þroskast og eiga heilbrigð samskipti við jafnaldra og starfsfólk. Forstöðukona er í samstarfi við starfsfólk skólans að undirbúa Barnaþing Kópavogs 2021 sem heyrir beint undir verkefni innleiðingar á heimsmarkmiðunum og barnasáttmálanum.

4.a Sumaropnun félagsmiðstöðvar

Fönix stóð fyrir sumaropnun í félagsmiðstöðinni í annað sinn í sumar. Starfið var fjölbreytt og skemmtilegt. Boðið var upp á sumarsmiðjur fyrir 9 til 13 ára börn í eina viku, sértækt hópastarf í 4 vikur og dag- og kvöldopnanir fyrir unglinga. Sumarsmiðjurnar voru Tie dye bolamálun, bollakökubakstur og skreytingar og ferð í Rush trampólín garðinn. Starf fyrir unglinga var í formi sértæks- og skipulags hópastarfs, vettvangsferða og viðburða. Tveir hópar voru í sértæka starfinu, annars vegar blandaður hópur stráka úr 9. og 10. bekk og hópur stelpna úr 9. bekk. Meðal annars var farið í fjallgöngu, hjólaferð í sund, klifur, minigolf, larp, Zip line, útilegu og fleira. Í sumaropnun félagsmiðstöðvarinnar var meðal annars farið í kubba, spil, bubble bolta, folf, skemmtigarðinn og fleira. Þar gátu börn og unglingar komið saman í öruggu og uppbyggilegu umhverfi, og hver og einn notið sín. Í sumar voru ekki fengnir unglingar úr vinnuskólann til starfa hjá okkur líkt og í fyrra en þau sem voru hjá okkur í sértæka hópastarfinu komu inn í gegnum vinnuskólann og fengu greitt fyrir að mæta til okkar. Markmið þessa starfs var að fá inn unglinga sem þurfa stuðning til að bæta sig í félagslegum samskiptum og var það okkar hlutverk að efla þau og styrkja í gegnum samveru og leiðsögn. Samstarf við vinnuskólann gekk vel þrátt fyrir smá samskiptaörðugleika í byrjun en með heimsókn forstöðukonu á skrifstofu vinnuskólans var fljótt greitt úr því. Í tengslum við styrk sem félagsmiðstöðvarnar fengu til að auka stuðning við börn í skipulögðu frístundastarfi á aldrinum 12-16 ára var farið af stað með nýsköpunarverkefnið Félkó-Flakkandi félagsmiðstöð. Flakkandi félagsmiðstöð var hugsuð sem áframhald af sumaropnun félagsmiðstöðva en starfaði þvert á Kópavog, og því ekki bundinn við eitt hverfi. Markmið með Félkó-flakkandi félagsmiðstöð var að virkja áfram einstaklinga sem þurftu sérstaka hvatningu og stuðning á að halda vegna félagslegrar stöðu sinnar sem og bjóða ungu fólki í sveitarfélaginu skemmtilegt og uppbyggilegt frístundastarf með sínum jafnöldrum.

5. Unglingaráð

Á fyrsta tímabili í félagsmiðstöðva valinu eru 31 unglingur í 8.-10. bekk, en val áföngunum er skipt í þrjú tímabil. Þau fá fræðslur, skipuleggja viðburði og búa til dagskrá í samstarfi við starfsfólk Fönix og hugmyndabanka sem er sendur út á unglingana einu sinni í mánuði. Umsjónarmenn valáfangans eru Tinna og Víkingur. Ásamt því vali sjá Tinna og Víkingur líka um tvo D&D hópa og hóp úr 10. bekk sem heimsækir ungmenntahúsið Molann í vali. Félkóraráð (ráð sem er skipað 2 fulltrúum frá öllum félagsmiðstöðvunum) og svo er einn sameiginlegur fulltrúi skóla og félagsmiðstöðvar í Ungmennaráði Kópavogs.

6. Foreldrasamstarf

Foreldrar fá pósta þegar við viljum senda út fréttir eða upplýsingar um viðburði ásamt því að senda fréttabréf í byrjun hvers mánaðar. Þeim er einnig boðið að fylgja okkur á Instagram þar sem við setjum inn auglýsingar fyrir alla viðburði og ýmsan fróðleik. Einnig reynum við eftir fremsta megni að vera í samskiptum við foreldrafélag og foreldrarölt Salaskóla.

7. Verkferlar

- Neyðaráætlun
Forstöðumaður fer yfir neyðaráætlun með starfsfólki í upphafi starfsárs og neyðaráætlun er sýnileg starfsfólki á starfsstöðinni.
- Móttaka nýrra starfsmanna
Farið yfir starfslýsingu, starfsstöðina, verkefni, starfsmannahandbók og fleira.
- Öryggisgátlisti
Starfsfólki er kynnt öryggisgátlisti starfsstöðvar í upphafi starfsárs.
- Handbók um starfið
Starfsfólki er kynnt starfsmannahandbók frístundadeildar í upphafi starfsárs.
- Rýmingaráætlun (samstarf við skóla)
Forstöðumaður tekur þátt í rýmingaræfingum í samstarfi við skóla og upplýsir starfsfólk.
- Gátlistar vegna sértæks hópastarfs
Móttaka nemanda með annað móðurmál en íslensku og gátlisti vegna eineltis.

8. Innra mat

Við erum með starfsmannafundi að minnsta kosti einu sinni í mánuði þar sem við ræðum hvað við viljum gera og fáum upplýsingar frá R&G um skólann og hverfið sem við störfum í. Við notum líka mætingatölurnar og umræður við krakkana í mati á starfinu. Félagsmiðstöðva valið eru svo að einhverju leyti talsmenn unglinganna í starfinu og þau hjálpa okkur að móta starfið.

9. Símenntun

Fræðslur eru ákveðnar í samstarfi við starfsfólk félagsmiðstöðvanna um það sem er efst á baugi hverju sinni. Velkomin til starfa var að þessu sinni tveggja daga fræðsla frá Margréti Sigurðardóttur sem byggði á mikilvægi og hlutverk starfsfólks félagsmiðstöðva sem fyrsta stigs forvörn, ásamt hinsegin fræðslu. Starfsfólki býðst einnig að fara á starfsdaga SAMFÉS og sækja þar fyrirlestra og málstofur til þess að nýta í starfinu.

Símenntunaráætlun 2021-2022


Fræðsluerindi	Dagsetning	Efni
Að vera starfsmaður í félagsmiðstöð	1.og 3.september	Leiðtogar, fyrirmynd og gleði í frístundastarfi/Hinsegin /Kynsegin fræðsla

Skyndihjálpi	20. september	Skyndihjálpi, áhersla á ungt fólk og viðbrögð við kvíða og annarri vanlíðan.
Klám og „sexting“	1.nóvember	Umfjöllun um stafrænt kynferðisofbeldi og umfang kynferðislegra myndsendinga meðal barna.
Lærdómsfundur	2.febrúar	Kynning á BA verkefnum starfsmanna félagsmiðstöðva, verkefnum sem hafa fengið tilnefningu í Kópinn, Forvarnarsjóð Kópavogs og Hvatningaverðlaun Samfés
Skipulagsdagur hlutastarfmanna	4.maí	Hlutastarfmenn félagsmiðstöðva koma með hugmyndir að viðfangsefnum og skipulagi fyrir næsta starfsár í samtali við deildarstjóra frístundadeildar.

Fræðsluáætlun félagsmiðstöðva í Kópavogi

Fræðsluerindi	Mánuður
Orkudrykkir	september
Sexting /Hinsegin fræðsla	október
Unglingar gegn ofbeldi	nóvember
Örugg Saman	janúar
Fjölbreytnin auðgar (vinna með fjölmenningu í starfi félagsmiðstöðva)	janúar – febrúar
Jafningjafræðsla Velkomin	janúar-febrúar

10. Fjöldatölur veturinn 2020-2021



Í október var lokað meira en hálfan mánuðinn vegna sóttkvíar og einangrunar starfsfólks. Í nóvember, desember og mars var eingöngu heimilt að fá einn umsjónarbekk í heimsókn á hverja opnun. Opið var frá 23.ágúst til 8.júlí.

9. Starfsfólk

Tinna Heimisdóttir – Forstöðukona

Víkingur Angantýsson – Frístundaleiðbeinandi

Ólöf Helga Hilmarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Hafsteinn Rúnar Jónsson – Frístundaleiðbeinandi

Tinna Rún Rúnarsdóttir – Frístundaleiðbeinandi

Ellert Sigurðarson – Frístundaleiðbeinandi

Hanna Margrét Heimisdóttir – Tímavinnu starfsmaður

Auðun Óli Völuson - Tímavinnu starfsmaður